

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Orðaleikur

Nafn styrkþega: Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Útdráttur: Undanfarin þrjú ár hefur Miðstöð skólaþróunar unnið að námsefnisgerð þar sem útbúið hefur verið námsefni til orðaforðakennslu tvítýngdra leikskólabarna. Námsefnið samanstendur af handbók, kennsluleiðbeiningum, orðalistum með myndum og verkefnum þar sem unnið er með orðaforðann. Fram til þessa hefur lítið framboð verið af námsefni fyrir leikskóla til að vinna að íslenskukennslu barna sem læra íslensku sem annað mál. Og niðurstöður nýlegra rannsókna (Sigríður Ólafsdóttir, 2015; Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samuel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2017) benda til þess að betur þyrfi að standa að íslenskukennslu þessara barna til að tryggja að þau nái nægilega góðum tókum á íslensku til að geta verið fullgildir þátttakendur í íslensku samfélagi. Námsefnið getur einnig nýst eldri börnum sem eru að læra íslensku sem annað mál og þá sér í lagi börnum sem flytjast til landsins og hefja skólagöngu án þess að hafa nokkra undirstöðu í íslensku. Efnið var aðgengilegt einfaldri vefsíðu en sótt var um styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála til að láta útbúa fullkomnari vef til að vista efnið og miðla því á þann hátt að það yrði sem algengilegast í notkun fyrir leikskólakennara og fjölskyldur barna af erlendum uppruna. Nýi vefurinn býður upp á þann möguleika að geta leitað að ákveðnum myndum í myndasafninu. Einnig er hægt að prenta myndir út beint af svæðinu en áður þurfti að hlaða þeim niður til að geta prentað þær eða unnið með þær á annan hátt. Gerður var samningur við Stefnu um vefhönnun og hýsingu á vefnum. Vefurinn er nú tilbúinn til notkunar og er aðgengilegur á vefslóðinni: www.ordaleikur.msha.is

Heimildir:

Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði tvítýngdra leikskólabarna:

Málumhverfið heima og í leikskólanum. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*.

http://netla.hi.is/serrit/2017/menntavika_2017/007.pdf

Sigríður Ólafsdóttir. (2015). *The development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. <http://hdl.handle.net/1946/23061>

Name of the project: Orðaleikur

Name of grantee: Center of School Development

Project description: For the past three years, the Center of School Development at the University of Akureyri has been working on a project called Orðaleikur. Orðaleikur is a learning material for teaching vocabulary to bilingual preschool children and consists of a handbook, teaching instructions, picture database and assignments. The project is an answer to a lack of free and accessible learning and teaching materials for this group of children in Iceland.

Results of recent research (Sigríður Ólafsdóttir, 2015; Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samuel Lefever and Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2017) indicate that children who are learning Icelandic as a second language need more practice to ensure that they will be able to fully participate in Icelandic society. Orðaleikur can help with that, but the materials can also be useful for older children who are learning Icelandic as a second language, especially those who move to Iceland and start school without having any basic Icelandic vocabulary. Orðaleikur was accessible on a simple website, but a grant from the Immigration Development Fund has made it possible to build a more sophisticated and interactive website, making it more accessible to both preschool teachers and families of children learning Icelandic as a second language. The new website offers the possibility to search for certain images in the gallery and images can also be printed directly from the site.

The website is now ready for use and is accessible at: www.ordaleikur.msha.is